DAGBÓK

Staðurogstund

http://www.mbl.is/sos



Carnegie Art Award í Hafnarhúsi

Sýning á listaverkum sem voru valin vegna úthlutunar listaverka-verðlaunanna Carnegie Art Award árið 2006 stendur nú yfir í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi. Sýningin endurspeglar brot af því helsta í norrænni samtímalist en meðal sýnenda eru fjórir íslenskir listamenn, meðal annars listmálarinn Eggert Pétursson sem hlaut önnur verðlaun þetta árið. Sýningin stendur yfir til 20. ágúst.

Auk þess er í safninu sýning á myndum eftir Erró. Myndirnar eru frá ýmsum tímabilum í list Errós, þær nýjustu frá síðastliðnu ári. Við vinnslu málverka sinna gerir Erró samklipp, þar sem hann klippir og límir saman myndir sem hann hefur sankað að sér úr prentmiðlum samtímans. Sýningin stendur yfir til 31. des.

steinn er opinn alla daga í sumar kl. 9 – 17. Hljóðleiðsögn á íslensku, ensku, þýsku og sænsku. Margmiðlunarsýning og gönguleiðir í nágrenninu. Frekari upplýsingar á www.gljufrasteinn.is og í 586 8066.

Listasafn Árnesinga | Tvær sýningar í safninu. Sýningin HÉR er verðlaunasýning Hrafnhildar Sigurðardóttur, en hún tók við norrænu textíllistaverðlaununum í Svíþjóð 2005. Sýningin FORMLEIKUR – GEOMETRIA er sýning Sonju Hakansson, en hún var tilbúin með þessa einkasýningu sama ár og hún lést árið 2003. Til 18. júní.

Minjasafnið á Akureyri | Sumarsýning. Ef þú giftist ? Brúðkaupssiðir fyrr og nú. Ef þú giftist fjallar um brúðkaup og brúðkaupssiði í gegnum tíðina. Sýningin er unnin í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands og er opin alla daga milli 10 og 17. Til 15. sept.

Perlan | Sögusafnið Perlunni er opið alla daga kl. 10–18. Hljóðleiðsögn leiðir gesti í gegnum fjölda leikmynda sem segja sögguna frá landnámi til 1550. ww.sagamuseum.is

Þjóðmenningarhúsið | Handritin – Saga handrita og hlutverk um aldir. Fyrirheitna landið – fyrstu Vestur-Íslendingarnir. Það gisti óður – Snorri Hjartarson 1906–2006. Síðustu forvöð að sjá sýninguna um Snorra, henni lýkur 17. júní.

Þjóðminjasafn Íslands | Boðið er upp á fræðslu og þjónustu fyrir safngesti. Þar eru sýningar auk safnbúðar og kaffihúss. Opið alla daga kl. 10–17.

Nú stendur yfir sýning á níu fornleifarannsóknum Kristnihátíðarsjóðs í Rannsóknarýminu á 2. hæð. Hér gefst tækifæri til að skoða úrval gripa sem komið hafa úr jörð á síðustu árum en mikil gróska hefur verið í fornleifarannsóknum. Vafalaust munu niðurstöður þeirra með tímanum breyta Íslandssögunni.

Fréttir og tilkynningar

Ferðaklúbbur eldri borgara | Ferðaklúbbur eldri borgara verður með ferð á Vestfirði 30. júní til 6. júlí. Nokkur sæti laus, allir eldri borgarar velkomnir. Upplýsingar í síma 892 3011.

Félagsstarf

Aflagrandi 40 | Félagsvist kl. 14. Handavinnustofa opin frá 9–16.30. Allir velkomnir.

Árskógar 4 | Bað kl. 8–16. Handavinna kl. 9–16.30. Smíði/útskurður kl. 9–16.30. Söngstund kl. 10.30. Félagsvist kl. 13.30. Myndlist kl. 16.

Bólstaðarhlíð 43 | Almenn handavinna, samverustund, fótaaðgerð.

Dalbraut 18–20 | Brids mánudaga kl. 14. Félagsvist þriðjudaga kl. 14. Bónus miðvikudaga kl. 14. Morgunsopi alla daga kl. 10, hádegisverður og síðdegiskaffi með heimabökuðu. Opið kl. 8–16. Uppl. 588 9533.

Félag eldri borgara í Kópavogi | Skrifstofa félagsins verður opin í dag kl. 10–11.30. Félagsvist verður spiluð í kvöld kl. 20.30 í félagsheimilinu Gullsmára

Félag eldri borgara, Reykjavík | Brids kl. 13. Þórsmerkurferð 20. júní. Ekið er til Hvolsvallar og að Seljalandsfossi. Stoppað er hjá Jökullónunu undir Gígjökli og litið inn í Stakkholtsgjá. Kaffihlaðborð í Hestheimum. Uppl. og skráning í síma 588 2111. Strandir 7.–9. júlí: Eigum laus pláss, síðustu skráningardagar.

Félagsheimilið Gjábakki | Handavinna kl. 9–12. Boccía kl. 9.30.

Félagsmiðstöðin, Gullsmára 13 | Handavinnustofan er opin alla mánudaga frá kl. 13–17, leiðbeinandi á staðnum. Alltaf heitt á könnunni. Góðar aðstæður til að taka í spil.

Félagsstarf aldraðra, Garðabæ | Bíósýning í Garðabergi kl. 13.

Félagsstarf Gerðubergs | Kl. 9–16.30 vinnustofur opnar. Frá hádegi spilasalur opinn. Á morgun kl. 13.30 er gróðursetning í Gæðareit í samstarfi við leikskólann Hraunborg. Á eftir bjóða börnin upp á kaffihúsastemmningu í Hraunborg, m.a. vinakökur, pönnukökur o.m.fl. Allir velkomnir. Strætisvagnar S4, 12 og 17 stansa við Gerðuberg.

Hraunbær 105 | Kl. 9 opin vinnustofa, kaffi, spjall, dagblöðin. Bænastund kl. 10, hádegismatur kl. 12, hárgreiðsla kl. 13 og kaffi kl. 15.

Hvassaleiti 56–58 | Jóga hjá Sóleyju Erlu kl. 9 og 10. Frjáls spilamennska kl. 13–16. Fótaaðgerðir, sími 588 2320.

Hæðargarður 31 | Fastir liðir eins og venjulega. Allar nánari upplýsingar veittar í síma 568-3132 eða asdis.skuladottir@reykjavik.is.

Vesturgata 7 | Kl. 9–16 hárgreiðsla og fótaaðgerðir. Kl. 9.15–15.30 handavinna. Kl. 9–10 boccia. Kl. 11–12 leikfimi. Kl. 11.45–12.45 hádegisverður. Kl. 14.30–15.45 kaffiveitingar.

Vitatorg, félagsmiðstöð | Smiðja kl. 9–12. Morgunstund kl. 9.30. Hárgreiðslu- og fótaaðgerðarstofur opnar. Handmennt almenn kl. 10–14.30. Frjáls spil kl. 13–16.30.

Kirkjustarf

Kristniboðssalurinn | Samkoma verður í Kristniboðssalnum Háaleitisbraut 58–60 miðvikudaginn 14. júní kl. 20. „Sérð þú nokkuð?“ Halldóra Lára Ásgeirsdóttir talar. Bænastund. Kaffi eftir samkomuna. Allir velkomnir.

Meira á mbl.is

Staður og stund á mbl.is.
Nánari upplýsingar um viðburði dagsins er að finna á Staður og stund undir Fólkið á mbl.is



- Fjölskylduvænar 3-5 herbergja íbúðir í hinu nýja Norðlingarholti.
- Í Norðlingarholti verður m.a. nýr grunnskóli, leikskóli og verslunarmiðstöð.
- Örstutt er í frábær útivistarsvæði eins og Heiðmörk, Rauðavatn og Elliðavatn.
- Lyftuhús með bílastæði í bílageymslu fyrir flestar íbúðir.
- Allar innréttingar og tæki af vandaðri gerð frá HTH og AEG.
- Sér inngangur í allar íbúðir.
- Sér timburverönd fylgir öllum íbúðum jarðhæðar.
- Mjög rúmgóðar og skjólsæar útsýnissvalir á efstu hæð.
- Afhending í júlí 2006.



- Björn Ólafs arkitekt í París hefur hannað glæsilegt íbúðarhúsnæði með áherslu á bjartar íbúðir.
- Stórir glerfletir í útsýnisáttir.
- Allar íbúðir með stofu og svalir með glerlokunum í suður til að auka notagildi og útsýnisþáttinn.
- Náttúruperlur eins og Heiðmörk, Elliða- og Vífilstaðavatn í göngufæri.
- Sannkölluð lúxus þakíbúð á 14. hæð.
- **Afhending í júlí 2006.**

Aðeins eru sex óseldar íbúðir efitr í þessu glæsilega húsi

EIGNAMIÐLUN

sími: 588 9090 * fax: 588 9095 * Síðumúla 21

eignamidlun@eignamidlun.is www.eignamidlun.is

Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

FÉLAG FASTEIGNASALA